

TILLAGA

til þingsályktunar um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum
fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af Agnesi M. Sigurðardóttur,
Solveigu Láru Guðmundsdóttur og Kristjáni Björnssyni
Frsm. Solveig Lára Guðmundsdóttir

Kirkjuþing 2019 samþykkir að skipaður verði fimm manna starfshópur til að móta stefnu og verklagsreglur þjóðkirkjunnar í málefnum hælisleitenda, fólks á flóttu og innflytjenda. Biskup Íslands skipi starfshópin. Nefndin skili tillögum sínum á framhaldsþinginu í mars næstkomandi.

Greinargerð.

Prestur innflytjenda hóf störf hjá þjóðkirkjunni í nóvember árið 1996.

Síðustu ár hefur starf hans aukist í takt við fjölgun hælisleitenda til Íslands. Er nú svo komið að hann þjónar hælisleitendum í þremur kirkjum, Háteigskirkju, Breiðholtskirkju og Keflavíkirkirkju. Frá haustdögum 2018 hefur hann haft skrifstofuaðstöðu í Breiðholtskirkju og alþjóðlegur söfnuður er að myndast með reglulegu helgihaldi og auknu safnaðarstarfi, s.s. skírnafræðslu og safnaðarkvöldum. Árið 2015 fór prestur innflytjenda af stað með reglulegt helgihald og móttöku hælisleitenda í fjórum kirkjum undir nafninu Seekers. Fjórir prestar á höfuðborgarsvæðinu vinna nú náið með presti innflytjenda. Frá 2015 hefur prestur innflytjenda skírt um 60 flóttamenn. Af þeim voru 19 sendir utan en 28 fengu hæli á Íslandi. Þessir 28, ásamt tugum annarra kristinna flóttamanna, eru kjarni þess safnaðar sem er að vaxa í Breiðholtskirkju.

Nefnd á vegum þjóðkirkjunnar fór utan og kynnti sér málefni fólks á flóttu hjá Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu. Þá voru mynduð tengsl við CCME (The Church's Commission for Migrants in Europe), sem eru samtök kirkna í Evrópu sem sinna málefnum innflytjenda og fólks á flóttu.

Mikilvægt er að starfshópurinn svari þeirri spurningu hvernig best sé að kirkjan taki á móti hælisleitendum og flóttafólki og hvernig kirkjan vill búa að þeim sem koma til landsins, ásamt þeim sem snúist hafa til kristinnar trúar og látið skírast. Einnig kanni hópurinn hvernig megi skipuleggja starf stuðningsaðila og stuðningsfjölskyldna sem aðstoða flóttafólk, ásamt annarri aðstoð.